

Hlíðarfjall ehf
Sveinn E. Jónsson
Ytra-Kálfskinni
621 Dalvík

2000110062
6000; 9310

Reykjavík, 19. desember 2000
/--

Efni: Svifbraut í Hlíðarfjalli, Akureyri. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Sveins Jónssonar f.h. Hlíðarfjalls ehf. dags. 8. nóvember 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu byggingar svifbrautar í Hlíðarfjalli við Akureyri.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Glæsibæjarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Náttúruverndar ríkisins og Veðurstofu Íslands og barst álit frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 11. desember 2000, Glæsibæjarhreppi með bréfi dags. 14. desember 2000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 24. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 8. desember 2000 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 4. desember 2000. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með símbréfi dags. 12. desember 2000.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Samkvæmt framlögðum gögnum er fyrirhugað að byggja svifbraut á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli uppá brún Hlíðarfjalls. Neðri endastöð verði sunnan Skíðahótelsins í um 480 m hæð, en efri endastöðin verði í tæplega 1.200 m hæð. Í u.þ.b. 1.000 m hæð sé gert ráð fyrir millistöð þar sem að skíðamenn geti farið út neðan við brattasta hluta fjallsins. Fram kemur að við efri endastöð er gert ráð fyrir að byggt verði þjónustuhús og að við neðri endastöð verði geymsluhús. Lengd svifbrautarinnar verði 2.500 m og hún borin uppi af 18 stálmöstrum 8 -20 m háum og miðað sé við að á brautinni verði 20 - 30 klefar sem taki 8 manns hver. Flutningsgetan verður 500 - 800 manns á klst. Meðfram brautinni verði lagður rafmagnskapall í jörð auk vegarslóða upp að millistöðinni til að auðvelda aðkomu vegna byggingar og viðhalds brautarinnar. Þá kemur fram hjá framkvæmdaraðila að hin fyrirhugaða framkvæmd komi til með að kalla á tilfærslu efsta hluta Hlíðarfjallsvegar á um 450 m löngum kafla auk þess sem gert sé ráð fyrir sérstakri aðkomu bíla og nýjum bílastæðum alls 70 talsins næst

endastöð svifbrautarinnar og aðstöðu fyrir hópferðabíla. Meginhluti framkvæmdarinnar er í landi Akureyrarbæjar en endastöðin uppi á Hlíðarfjalli er í landi Glæsibæjarhrepps.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Akureyrarbæjar, Glæsibæjarhrepps, Veðurstofu Íslands og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram það álit að bygging svifbrautar í Hlíðarfjalli skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga nr. 106/2000.

Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Landnotkun og hættur

Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram að bæjarstjórn telur að svifbraut sé í eðli sínu mannvirki af svipuðu tagi og skíðalyfturnar sem fyrir eru og þjóni líkum tilgangi. Með byggingu hennar sé því ekki verið að brjóta nýtt land undir mannvirki og starfsemi, heldur sé um að ræða eðlilegt áframhald á uppbyggingu sem hafist hafi fyrir löngu.

Veðurstofa Íslands segir í umsögn sinni að þær rannsóknir sem fyrir liggja á veðurfari á Hlíðarfjalli gefi til kynna að vanda þurfi sérstaklega hönnun vegna vindálags og ísingar.

Náttúrufar

Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram að bæjarstjórn telur að tilkoma svifbrautarinnar muni ekki raska eða spilla náttúruminum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í hluta Glerárdals og að skv. Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 sé sá hluti skilgreindur sem verndarsvæði vegna náttúrufars og útivistargildis. Þá kemur fram að skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sé innan þessa verndarsvæðis auk þess sem hluti hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar verði í hinum svokölluðu Reithólum. Bent er á að í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1989-2009 sé vitnað til skýrslunnar, *Náttúruminjar í Eyjafjarðarsýslu* og séu Reithólar þar skilgreindir sem minjar í 2. flokki og að þær minjar ætti að verja fyrir öllu meiri háttar jarðraski eða landbreytingum. Þá vekur stofnunin athygli á lagningu vegar slóða meðfram brautinni, tilfærslu Hlíðarfjallsvegar, tilkomu nýs bílastæðis, væntanlegu raski vegna fráveituf framkvæmda og sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Með hliðsjón af öllu framangreindu kemst Náttúruvernd ríkisins að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð framkvæmd geti vegna umfangs, eðlis og staðsetningar haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé rétt að fram fari mat á umhverfisáhrifum skv. lögum 106/2000 vegna hennar.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er bent á að hin fyrirhugaða framkvæmd sé aðeins viðbót við önnur mannvirki á skíðasvæðinu auk þess sem ekki þurfi að breyta landslagi við byggingu mastra heldur aðeins að grafa fyrir undirstöðum og laga í kringum þær. Þá bendir framkvæmdaraðili á að hinir umdeildu Reithólar séu aðeins grófur grjótsalli og því sé þar enginn gróður til að spilla.

Vatnsvernd

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sé innan tveggja vatnsverndarsvæða í fjallshlíðinni og að skv. Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 skuli vegna nálægðar skíðasvæðanna í Hlíðarfjalli við vatnsból meta áhrif hugsanlegra mannvirkja í fjallinu á náttúrufar áður en ráðist er í framkvæmdir.

Bæjarstjórn Akureyrar segir í umsögn sinni að fyrirhuguð framkvæmd stangist ekki á við vatnsverndarsvæði sem séu sunnan og norðan framkvæmdarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili geri frekari grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Útbúnaði og mengunarvörnum svifbrautarinnar hvað varðar olú í kúplingum og ef um er að ræða spenna og þétta
- frágangi og lekavörnum eldsneytisgeyma sem hugsanlega verði settir upp á fjallinu vegna vélsleðareksturs með tilliti til vatnsverndarsvæða
- vatnsöflun fyrir þjónustuhús
- heildarlausn fráveitumála þ.e. a) snyrtingum fyrir starfsmenn og gesti b) fráveitulögnum c) frágangi rotþróa og d) tæmingu rotþróar
- fituskilju í fráveitu eldhúss, verði um veitingarekstur uppi á fjallinu að ræða

Veðurstofa Íslands telur að með viðeigandi starfsleyfi og stuðningi í reglugerðum um vatnsverndarsvæði, eigi að vera hægt að halda utan um uppbyggingu og rekstur hins fyrirhugaða mannvirkis án þess að til þurfi að koma mat á umhverfisáhrifum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram það álit að svifbrautin hafi mikið minni áhrif á vernd vatnsbóla heldur en þau mannvirki sem þegar séu fyrir í fjallinu og að raforka verði notuð til að knýja svifbrautina og því verði engin mengandi efni notuð við rekstur hennar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu svifbrautar með kláfum á skíðasvæði á verndarsvæði sem samkvæmt 6. gr. og tölulíð 12.a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Umsagnaraðilar að Náttúruvernd ríkisins undanskilinni, telja að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Varðandi eðli framkvæmdarinnar telur Skipulagsstofnun að vegna stærðar og umfangs hafi framkvæmdin ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Skipulagsstofnun telur að bygging 18 mastra, endastöðvar og millistöðvar fyrir svifbraut auk lagningar vegslóða og rafmagnskapals sé ekki svo umfangsmikil framkvæmd til viðbótar því sem fyrir er að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þá telur Skipulagsstofnun að ekki verði úrgangsmýndun, mengun eða ónæði fyrir að fara í slíkum mæli að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum auk þess sem stofnunin telur að aðrar tengdar framkvæmdir, s.s. færsla vegar eða nýtt bílastæði, séu ekki svo miklar umfangs né þess eðlis að mat á umhverfisáhrifum sé nauðsynlegt. Það

er ljóst að eitthvert rask hlýtur alltaf að fylgja framkvæmd sem þessari en rask það sem fyrirhugað er hér sé ekki slíkt að tekin verði ákvörðun um matsskyldu með hliðsjón af því einu sér.

Samkvæmt Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 er framkvæmdasvæðið útivistarsvæði, skíðasvæði og innan verndarsvæðis á Glerárdal. Glerárdalur er skilgreindur sem verndarsvæði vegna náttúrufars og útivistargildis. Ákvæði um takmarkanir á landnotkun svæðisins koma þó ekki fram að öðru leyti en því að vegna nálægðar skíðasvæðanna í Hlíðarfjalli við vatnsból skuli meta áhrif hugsanlegra mannvirkja í fjallinu á náttúrufar áður en ráðist er í framkvæmdir.

Svifbraut í Hlíðarfjalli er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi framkvæmdasvæðisins, dags. nóvember 2000. Í samræmi við stefnu í Aðalskipulagi Akureyrar um að í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skuli „eftir því sem við á, gera grein fyrir umhverfisþáttum, s.s. loftgæðum, vatnsbúskap, jarðfræði, landslagi, gróðurfari og dýralífi og áhrif mismunandi kosta á þá metin ... “ og stefnu um að meta skuli „áhrif hugsanlegra mannvirkja í fjallinu á náttúrufar áður en ráðist er í framkvæmdir “ mun Skipulagsstofnun gera Akureyrarbæ og Glæsibæjarhreppi grein fyrir því að í deiliskipulagi þurfi að gera nánari grein fyrir umhverfisþáttum s.s. vatnsbúskap og landslagi, vatnsöflun og fráveitu. Þá þurfi í deiliskipulagi að gera grein fyrir vegarstöða og jarðstreng meðfram svifbraut og áhrifum mannvirkja á náttúrufar. Í deiliskipulagi þurfi einnig að koma fram upplýsingar um stærð byggingarreita og skilmála um byggingar og starfsemi á þeim.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu áliti Akureyrarbæjar, Glæsibæjarhrepps Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Náttúruverndar ríkisins og Veðurstofu Íslands er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð bygging svifbrautar í Hlíðarfjalli við Akureyri skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. janúar 2001.

Stefán Thors

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl: Umsagnir frá Akureyrarbæ dags. 11. desember 2000, Glæsibæjarhreppi dags. 14. desember 2000, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 24. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 8. desember 2000 og Veðurstofu Íslands dags. 4. desember 2000.

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Akureyrarbær, Glæsibæjarhreppur, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra,

